

Erindisbréf Ungmennaráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Ungmennaráð Kópavogs (UMK) og er skipað af bæjarráði með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007. Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs.

2. gr.

Ungmennaráð er skipað 15 fulltrúum. Kjörgengir eru þeir einstaklingar sem eiga lögheimili í Kópavogi og eru á aldrinum 13-20 ára.

Ráðið er skipað níu fulltrúum sem tilnefndir eru frá grunnskólum og félagsmiðstöðvum (sameiginlegur fulltrúi grunnskóla og félagsmiðstöðvar), tveimur fulltrúum frá Menntaskólanum í Kópavogi og fjórum fulltrúum frá ungmennahúsinu Molanum. Verði breytingar á fjölda skóla í Kópavogi þá fjölga/fækka fulltrúum í ungmennaráði til samræmis við það.

Fulltrúar ungmennaráðs skulu kjörnir á lýðræðislegan hátt og er ofangreindum aðilum í sjálfsvald sett hvernig því vali er háttað. Jafnrétti kynjanna skal haft að leiðarljósi við val á fulltrúum.

Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs.

3. gr.

Tilnefning í ráðið skal gilda frá 15. september ár hvert og vera til eins árs í senn. Segi fulltrúi í ungmennaráði af sér eða hætti af öðrum orsökum skal tilnefna nýjan fulltrúa í hans stað sem situr út kjörtímabilið. Tilkynna þarf úrsögn úr ráðinu skriflega.

Bæjarstjórn staðfestir tilnefninguna samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Kópavogsbæjar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt).

II. Kafli

Fundir og starfshættir

4. gr.

Starfsmaður frístundaeildar er starfsmaður ráðsins og situr fundi þess með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður er fyrst og fremst ráðinu til ráðgjafar og má ekki hafa áhrif á starfsemi þess nema brýna nauðsyn beri til.

Starfsmaður aðstoðar formann við boðun funda og að vinna úr og fylgja eftir að koma samþykktum og umsögnum áleiðis. Geti ráðsmaður ekki sótt fundi skal hann tilkynna forföll.

Starfsmaður ráðsins boðar til fyrsta fundar. Ungmennaráðið heldur 4-6 fundi yfir starfstímabilið sem er frá 15. september til 31. maí ár hvert. Ráðið skal skipa formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður ungmennaráðs stýrir fundinum og kemur með tillögur að föstum fundartíma ráðsins.

Auk þess stendur ungmennaráð fyrir opnum fundi a.m.k. einu sinni á ári. Ungmennaráð ákveður dagskrá fundar í samráði við starfsmann ráðsins.

Bæjarstjórn skal árlega funda með ungmennaráðinu. Þess á milli skulu tveir tengiliðir bæjarstjórnar mæta á a.m.k. tvo fundi á ári með ráðinu.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað ef allir sem seturétt eiga á fundinum hafa verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá. Fundir ungmennaráðs skulu haldnir fyrir opnum dyrum.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu fer eftir því sem við á samkvæmt III. kafla bæjarmálasamþykktar.

7. gr.

Ungmennaráð skal halda gerðabók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í hana. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. bæjarmálasamþykktar, sjá einnig leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu, nr. 22/2013.

8. gr.

Ungmennaráð skal við undirbúning mála gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

III. Kafli

Hlutverk og markmið

9. gr.

Hlutverk ungmennaráðs er m.a.:

- Að skapa ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að skapa þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að gæta hagsmuna barna- og ungmenna í Kópavogi.
- Að vera bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennráð getur gert tillögur til bæjarstjórnar um málefni er varða þeirra hagsmunahópa. Ungmennaráð tekur til umsagnar mál frá bæjarráði og öðrum nefndum innan stjórnsýslunnar. Slík mál geta varðað forvarnarmál, starfsemi þeirra stofnanna sem börn- og ungmenni sækja og önnur mál er varða hagsmuni og umhverfi þeirra.

10. gr.

Fundargerðir ungmennaráðs skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar og samþykktar.
Tillögur ungmennaráðs taka formlega gildi við samþykkt í bæjarstjórn.

IV. Kafli
Hæfi og skyldur nefndarmanna
11. gr.

Ungmennaráðið skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni allra barna- og ungmenna að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt hagsmuni barna – og ungmenna ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

V. Kafli
Gildistaka

12.gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 22. maí 2018.